

AUGLÝSING um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

Deiliskipulag Helgustaðarnámu.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 deiliskipulag Helgustaðarnámu.

Deiliskipulagssvæðið afmarkast af Helgustaðarnámu og næsta nágrenni hennar. Markmið deiliskipulagsins er að vinna skipulag af svæðinu til að móta stefnu um uppbyggingu stíga og áningarsstaða þar sem áhersla er lögð á bætt aðgengi fyrir ferðamenn og þar með betri stýringu ferðamanna um svæðið og minna álag.

Deiliskipulag Dalbrautar I.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 deiliskipulag Dalbrautar 1.

Skipulagssvæðið afmarkast af Norðfjarðarvegi til vesturs, Dalbraut til norðurs, Bleiksá til austurs og Eskifirði til suðurs. Deiliskipulagstillagan felur m.a. í sér að heimilt er að reisa hjúkrunarheimili á lóðinni við Dalbraut 1 og ganga frá opnu svæði meðfram Bleiksá og Norðfjarðarvegi.

Deiliskipulag Dals 1, íþróttasvæði og leikskóli.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 21. mars 2013 breytingar á deiliskipulagi Dals 1, íþróttasvæði og leikskóli.

Breytingar deiliskipulagstillögunnar felast í að áður grenndarkynntar breytingar á opnun lækjar innst á skipulagssvæðinu ásamt staðsetningu á nýju vallarhúsi eru færðar inn á skipulagsuppdráttinn. Auk þessa er gert ráð fyrir sundlaug, eldsneytisafgreiðslu, stúku, stækkun æfingasvæðis og nýjum bílastæðum sunnan við aðkomu að sundlaug Eskifjarðar.

Deiliskipulag Hofs II.

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 4. apríl 2013 deiliskipulag Hofs II.

Deiliskipulagið felur í sér að tjaldstæði, smáhýsi til gistingar, íbúðarhús og úтиhús verði reist á jörðinni.

Deiliskipulagstillögurnar voru auglýstar samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög gera ráð fyrir.

Deiliskipulagstillögurnar öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 10. maí 2013.

Páll Bj. Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 10. júní 2013